

30. júní 2011

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. júní 2011
Tilvísun: UST20110600166/vgh

Efni: Jarðborun í Tálknafirði. Umsagnarbeiðni


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. júní s.l. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lið ii, þar sem tilgreint er; „*borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni*“

Tilgangur framkvæmdarinnar er að kanna möguleika á nýtingu vatns til reksturs hitaveitu fyrir þorpið á Tálknafirði með borun 1000-1200 metra djúpri borholu á Sveinseyrarhlíð á milli Litla-Laugardals og Sveinseyrar. Áður hafa verið boraðar 2 borholur á svæðinu. Framkvæmdasvæðið er um 2 ha og nær frá núverandi borholu LL-02 niður fyrir þjóðveginn að sjó. Stutt er frá vegi og niður á um 15 metra háan sjávarbakka. Borteigur um 15x40 mun ná frá vegi og niður á bakkabrúnir. Helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma eru talin sjónræn vegna umsvifa borunar, en óveruleg áhrif á gróður. Gróðurfar svæðisins einkennist af graslendi, en ofan vegar eru móar og mýrardrög. Takmarkað rask er talið verða ofan vegar. Að loknum frágangi munu mannvirki ekki hafa veruleg áhrif á umhverfið, utan ný lögn mun liggja meðfram þeirri eldri ofan vegar. Framkvæmdasvæðið er innan Aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 á tilgreindu landbúnaðarsvæði.


Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að frágangur við eldri lagnir sé slæmur og víða megi telja þessar lagnir til lýta. Ef unnt er ætti að reyna að bæta úr þessu samfara lagningu nýrra leiðslu. Stofnunin telur ekki forsendur fyrir því að mæla með mati á umhverfisáhrifum vegna ofangreindra framkvæmda. Stofnunin bendir þó á að afla þurfi leyfis Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til tímabundins atvinnurekstrar vegna vinnubúða og verkstæðisaðstöðu sbr. reglugerð nr. 785/1999.

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson
Deildastjóri



Vilborg G. Hansen
Sérfræðingur